

ATVINNUMÁLASTEFNA NEÐRI HLUTA ÁRNESSÝSLU 2025-2029



Sveitarfélagið
ÁRBORG



FLÓAHREPPUR



HVERAGERÐISBÆR



FORSENDUR

Sveitarfélögin Árborg, Hveragerðisbær og Flóahreppur hafa tekið höndum saman og unnið að sameiginlegri atvinnumálastefnu. Þau hafa löngum átt í nánun og góðu samstarfi og deila sameiginlegum hagsmunum í atvinnumálum. Það er ekki óalgengt að íbúar í einu sveitarfélagi starfi í öðru innan svæðisins og uppbygging í einu sveitarfélagi er ávinningur fyrir öll.

Atvinnumálastefnan byggist á sameiginlegum markmiðum með hag íbúa svæðisins að leiðarljósi. Stefnan er í samspili við mótun næstu Sóknaráætlunar Suðurlands, þar sem áherslur einstakra svæða munu setja mark sitt á stefnu landshlutans í atvinnumálum.

Sveitarfélagið Árborg, Hveragerðisbær og Flóahreppur bera sameiginlega ábyrgð á atvinnumálastefnunni. Í þessu samstarfi eru sveitarfélögin, SASS og byggðapróunarfulltrúi í virku samráði við íbúa og atvinnulíf, til að tryggja að bæði atvinnustefnan og Sóknaráætlun Suðurlands endurspegli raunverulegar þarfir og tækifæri svæðisins.

Lagt er til að byggðapróunarfulltrúi svæðisins annist árlegt stöðumat og samhæfingu aðgerða sem miði að því að styrkja atvinnutækifæri og bæta lífsgæði allra íbúa.

FERLIÐ



Raddir íbúa



Atvinna:

Aukin fjölbreytni og skapa fleiri tækifæri til atvinnuppbyggingar og nýsköpunar á svæðinu.

Nýta styrkleika þeirra sem búa hér og vilja starfa í heimabyggð.



Innviðir:

Tryggja sterkari innviði til frekari uppbyggingar og samgangna.


Leggja áherslu á að finna leiðir til þess að efla störf án staðsetningar.



Samfélagið:

Fagna fjölbreytileikanum og hlúa að frekari samvinnu með tilliti til sérstöðu hvers kjarna fyrir sig.



Skapa öflugt mennta- og menningarsamfélag.




Framtíðin er björt

SAMFÉLAG OG ATVINNULÍF


ÍBÚAFJÖLDI 1. JANÚAR 2025 (Hagstofa Íslands)



HELSTU ATVINNUVEGIR (Byggðastofnun)



ATVINNUTEKJUR MIÐAÐ VIÐ 2023 - vegið meðaltal einstaklinga í þús.kr.



SVÓT greining að mati íbúa*

S

Styrkleikar

Gott samfélag

Góð þjónusta

Almennt mörg tækifæri

Atvinna í boði

Góður mannauður

Samheldni

Góð samskipti

Staðsetningin er góð

V

Veikleikar

Það vantar betri samgöngur

Það vantar fjölbreytni í
atvinnulífið

Það vantar meiri nýsköpun

Það vantar störf fyrir
háskólamenntaða, sérfræði- og
hálaunastörf

Það vantar að lækka
orkukostnað

Það vantar húsnæði fyrir
fjölskyldufólk

Ó

Ógnir

Ófullnægjandi samgöngur

Fábreytni í atvinnulífinu

Vantar almennan stuðning við
nýsköpun

Skortur á fyrirtækjum með störf
fyrir menntað fólk

Það er of hár rekstrarkostnaður
og opinber gjöld

Skortur á stórum fyrirtækjum
á svæðinu

T

Tækifæri

Að efla samgöngur

Að auka fjölbreytni í störfum

Að efla menningarstarfsemi

Að efla matvælaframleiðslu

Að efla nýsköpun

Að byggja upp atvinnulífið

Að nýta jarðhitann

Að efla landbúnaðinn

*Niðurstöður SVÓT á íbúafundum þar sem þátttakendur flokkuðu málefnið eftir mikilvægisröð

FRAMTÍÐARSÝN




Sterkt fjölmeningarsamfélag sem dregur að sér fjölskyldufólk, sem vill auðga samfélagið með þátttöku í öflugu félags- og menningarstarfi.



Blómleg og fjölbreytt ferðapjónusta og atvinnulíf með áherslu á nýsköpun í starfandi fyrirtækjum. Nýsköpun í landbúnaði, matvælaframleiðslu og orku.



Öflugir innviðir sem halda utan um vöxt og uppbyggingu, framboð lóða og húsnæðis fyrir heimili og fyrirtækjarekstur af öllum stærðum og gerðum.



Gildi


Samvinna - Uppbygging - Fjölbreytni

MARKMIÐ

- 1** Stuðla að fjölbreyttu og sjálfbæru atvinnulífi
- 2** Efla atvinnu og hvetja til nýsköpunar
- 3** Ýta undir matvælaframleiðslu og fullvinnslu landbúnaðarafurða
- 4** Styrkja innviði og efla samgöngur
- 5** Nýta jarðhitann til orkuvinnslu og nýsköpunar
- 6** Styðja við lista- og menningarstarf í auknum mæli
- 7** Efla félagslega þátttöku íbúa og styðja við fjölmenningsarsamfélagið



ÁHERSLUR - UNDIRMARKMIÐ



AÐGERÐIR Í STAFRÓFSRÖÐ



1 FJARVINNUAÐSTAÐA

2 FJARSKIPTAINNVIÐIR

3 FRAMLEIÐENDUR

4 FYRIRTÆKI OG OPINBERAR
STOFNANIR

5 HÚSNÆÐISÁÆTLUN

6 JARÐHITANÝTING

7 MENNING

8 MENNTUN

9 MÓTTÖKUÁÆTLUN

10 NÝSKÖPUN

11 RADDIR ÍBÚA

12 RAFMAGN

13 SAMGÖNGUR

14 VATNSAUÐLINDIR

M = Markmið
Á = Áhersla

1 FJARVINNUAÐSTAÐA



VERKEFNI



MARKMIÐ & ÁHERSLUR



ÁBYRGÐ



TÍMARAMMI

Stuðla að fjölgun möguleika óstaðbundinna starfa og styðja við uppbyggingu þeirra. Stuðla að auknu framboði húsnæðis sem býður upp á skrifstofu- og fundarrými sem styður við frumkvöðla og fólk í fjarvinnu

- Fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf (M1)
- Atvinna og nýsköpun(M2)
- Innviðir og samgöngur (M4)
- Fjölbreytt störf (Á1)

Sveitarfélög og byggðapróunarfulltrúi
Samstarfsaðilar: Allir þeir sem hafa hentugt húsæði í boði

Meðan stefnan er í gildi

2 FJARSKIPTAINNVIÐIR

Styrkja fjarskipti með áframhaldandi uppbyggingu ljósleiðarakerfis og bættu farsíma- og netsambandi, bæði í þéttbýli og dreifbýli. Markmiðið er að stuðla að fjölgun á möguleikum til óstaðbundinna starfa, efla atvinnulíf og tryggja að innviðir séu í takt við þarfir samfélagsins og framtíðaruppbyggingu

- Fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf (M1)
- Atvinna og nýsköpun (M2)
- Innviðir og samgöngur (M4)
- Fjölbreytt störf (Á1)
- Uppbygging innviða og samgöngur (Á10)

Sveitarfélög
Samstarfsaðilar: Fjarskiptafyrirtæki

Meðan stefnan er í gildi

3 FRAMLEIÐENDUR

Kortleggja innviði og styðja við viðurkennda aðstöðu til matvælaframleiðslu, fullvinnslu afurða, vinnslu smáframleiðenda og endursölu á svæðinu. Leggja áherslu á flokkun og verndun á landbúnaðarlandi í flokki I og II til aukinnar framleiðslu

- Fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf (M1)
- Atvinna og nýsköpun (M2), Fjölbreytt störf (Á1)
- Landbúnaður og matvælaframleiðsla (Á4)
- Menning og listir (Á5)
- Nýsköpun (Á6), Orka (Á7), Samvinna (Á9)

Byggðapróunarfulltrúi

Yfirlit yfir innviði tilbúið fyrir 2026

M = Markmið
Á = Áhersla



VERKEFNI



MARKMIÐ &
ÁHERSLUR



ÁBYRGÐ



TÍMARAMMI

4

FYRIRTÆKI OG OPINBERAR STOFNANIR

Laða að fyrirtæki og opinberar stofnanir með markvissri kynningarherferð á atvinnulóðum og innviðum

- Fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf (M1)
- Atvinna og nýsköpun (M2)
- Innviðir og samgöngur (M4)
- Fjölbreytt störf (Á1)

Sveitarfélög
Samstarfsaðilar: Byggðarþróunarfulltrúi

Meðan stefnan er í gildi

5

HÚSNÆÐISÁÆTLUN

Vinna að markvissri og skilvirkri húsnæðisáætlun (atvinnu- og íbúðarhúsnæðis) með reglulegri þarfagreiningu í samstarfi við önnur sveitarfélög

- Fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf (M1)
- Innviðir og samgöngur (M4)
- Fjölbreytt störf (Á1)
- Fjölmennning og nýir íbúar (Á2)
- Húsnæði (Á3)
- Rekstur (Á8)

Sveitarfélög
Samstarfsaðilar: Húsnæðis- og mannvirkjastofnun (HMS)

Hvert sveitarfélag skilar árlega inn til HMS

6

JARÐHITANÝTING

Stuðla að stofnun nýsköpunar- og þróunarseturs í samstarfi við háskóla og atvinnulíf með sérstakri áherslu á nýtingu jarðhita til orkuvinnslu, matvælaframleiðslu og sjálfbærar lausnir

- Fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf (M1)
- Atvinna og nýsköpun (M2)
- Nýta jarðhitann til orkuvinnslu (M5)
- Fjölbreytt störf (Á1), Samvinna (9)
- Nýsköpun (Á6), Orka (7)
- Uppbygging innviða og samgöngur (10)

Sveitastjórnir og byggðarþróunarfulltrúi
Samstarfsaðilar: Háskólafélag Suðurlands, SASS, Orkídea, einkaaðilar og aðrir hagaðilar

Kanna fýsileika á stofnun nýsköpunar- og þróunarseturs fyrir lok 2029

M = Markmið
Á = Áhersla



VERKEFNI



MARKMIÐ &
ÁHERSLUR



ÁBYRGÐ



TÍMARAMMI

7

MENNING

Gera heildstæða menningarstefnu sem styður við lista- og menningarstarf og þátttöku íbúa af ólíkum uppruna. Stuðla að stofnun menningarmiðstöðvar sem styður við listafólk, skapandi greinar og menningartengda ferðaþjónustu. Kortleggja og efla listalíf svæðisins. Hlúa að söfnum og menningarverðmætum á svæðinu

- Styðja við lista- og menningarstarf í auknum mæli (M6)
- Fjölbreytt störf (Á1)
- Fjölmenning og nýir íbúar (Á2)
- Menning og listir (Á5)

Sveitarfélög, byggðapróunarfulltrúi
Samstarfsaðilar: Menningarnefndir- og félög, starfandi söfn á svæðinu

Gerð fýsileikakönnunar á stofnun menningarmiðstöðvar fyrir lok 2027

Klára menningarstefnur sveitarfélaganna fyrir lok 2028

8

MENNTUN

Að auka aðgengi að menntun, fjarnámi og símenntun á svæðinu. Stuðla að fjölgun sérfræðistarfa og fjölbreytileika þeirra. Prýsta á aukna fjölbreytni háskólanáms á svæðinu

- Fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf (M1)
- Atvinna og nýsköpun (M2)
- Innviðir og samgöngur (M4)
- Fjölbreytt störf (Á1)
- Fjölmenning og nýir íbúar (Á2)

Sveitarfélögin og Háskólafélag Suðurlands
Samstarfsaðilar: Háskólar og aðrar menntastofnanir

Meðan stefnan er í gildi

9

MÓTTÖKUÁÆTLUN

Gera móttökuáætlun fyrir nýja íbúa, bæði innlenda og erlenda. Koma á þverfaglegu fjölmenningarráði og vinna fjölmenningarstefnu í samstarfi við hagaðila

- Efla félagslega þátttöku íbúa og styðja við fjölmenningarsamfélagið (M7)
- Fjölbreytt störf (Á1)
- Fjölmenning og nýir íbúar (Á2)
- Samvinna (Á9)

Sveitastjórnir
Samstarfsaðilar: Fjölmenningaráð

Fyrir lok 2026

M = Markmið
Á = Áhersla



VERKEFNI



MARKMIÐ &
ÁHERSLUR



ÁBYRGÐ



TÍMARAMMI

10 NÝSKÖPUN

Efla nýsköpun á meðal starfandi fyrirtækja, styðja við frumkvöðla óháð aldri, kyni og uppruna, með fræðslu, aðstöðu og upplýsingamiðlun

- Fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf (M1)
- Atvinna og nýsköpun (M2)
- Fjölbreytt störf (Á1)
- Landbúnaður og matvælaframleiðsla (Á4)
- Menning og listir (Á5)
- Nýsköpun (Á6), Orka (Á7), Samvinna (Á9)

Háskólafélag Suðurlands/Hreiðrið og SASS
Samstarfsaðilar: Orkídea, FabLab

Meðan stefnan er í gildi

11 RADDIR ÍBÚA

Styrkja enn frekara samstarf og nýta þekkingarstarfsfólk (fólk með sérfræðipekkingu á sínu starfi) á svæðinu til uppbyggingar atvinnulífsins

- Atvinna og nýsköpun (M2)
- Samvinna (Á9)
- Efla félagslega þátttöku íbúa og styðja við fjölmenningsamfélagið (M7)
- Fjölbreytt störf (Á1)

Sveitarfélög
Samstarfsaðilar: Íbúar á svæðinu

Hefja samtal strax og viðhalda því samhliða öðrum áherslum stefnunnar

12 RAFMAGN

Stuðla að styrkingu innviða til frekari uppbyggingar og leitast við að tryggja rekstraröryggi raforku og frekari jöfnun raforkukostnaðar. Tryggja hagkvæma og örugga raforku til frekari innviðauppbyggingar og orkuskipta

- Innviðir og samgöngur (M4)
- Nýta jarðhitann til orkuvinnslu, nýsköpunar (M5)
- Landbúnaður og matvælaframleiðsla (Á4)
- Orka (Á7)
- Uppbygging innviða og samgöngur (Á10)

Sveitarfélög
Samstarfsaðilar: Ríki, orkufyrirtæki

Meðan stefnan er í gildi

M = Markmið
Á = Áhersla

13 SAMGÖNGUR



VERKEFNI



MARKMIÐ &
ÁHERSLUR



ÁBYRGÐ



TÍMARAMMI

Undirbúa heildstæða stefnu fyrir samgöngur í Árnessýslu. Efla almenningssamgöngur og samræma tengingar innan og milli sveitarfélaga. Tryggja nauðsynlega samgöngubót fyrir atvinnulíf og samfélag á svæðinu

- Fjölbreytt og sjálfbært atvinnulíf (M1)
- Atvinna og nýsköpun (M2)
- Innviðir og samgöngur (M4)
- Fjölbreytt störf (Á1)
- Nýsköpun (Á6), Samvinna (Á9)
- Uppbygging innviða og samgöngur (Á10)

Sveitarfélög
Samstarfsaðilar: Vegagerðin, byggðapróunarfulltrúi, fyrirtæki og aðrir hagaðilar

Á meðan stefnan er í gildi

14 VATNSAUÐLINDIR

Halda áfram markvissri leit að heitu og köldu vatni fyrir orkuvinnslu og vatnsfreka framleiðslu. Styrkja neysluvatnsinnviði með fyrirbyggjandi aðgerðum fyrir örugga og sjálfbæra vatnsnýtingu. Auka samstarf sveitarfélaganna á svæðinu til að stuðla að framtíðaruppbyggingu varðandi vatnsauðlindir

- Atvinna og nýsköpun (M2)
- Nýta jarðhitann til orkuvinnslu, nýsköpunar (M5)
- Landbúnaður og matvælaframleiðsla (Á4)
- Orka (Á7)
- Rekstur (Á8), Samvinna (Á9),
- Uppbygging innviða og samgöngur (Á10)

Sveitarfélögin, byggðapróunarfulltrúi
Samstarfsaðilar: Orkufyrirtæki

Fýsileikakönnun á framtíðaruppbyggingu varðandi vatnsauðlindir 2027

LOKAORÐ

Atvinnumálastefna neðri hluta Árnessýslu er sameiginlegur leiðarvísir sveitarfélaganna að mótun fjölbreytts samfélags þar sem áhersla er lögð á að styrkja þær stöðir sem fyrir eru og byggja nýjar fyrir frekari vöxt. Fjölmargir komu að gerð stefnunnar og er þeim þökkuð þátttakan. Sérstaklega viljum við þakka íbúum fyrir þeirra framlag í ferlinu og þær mikilvægu umræður sem sköpuðust um framtíðarsýn samfélagsins. Stefnan er sett fram á einfaldan máta og til skamms tíma, en gert ráð fyrir árlegu stöðumati.

Hröð stækkun og breytingar undanfarin ár hafa haft mikil áhrif á samfélagsgerðina og því er nauðsynlegt að bregðast við með skynsamlegum hætti. Með því að taka stöðuna og kortleggja næstu skref, efla það sem fyrir er og styðja við nýja starfsemi verður samfélagið og samvinna sveitarfélaganna enn sterkari.

Margt var rætt er varðar uppbyggingu samfélagsins en hæst bar á ákalli um fjölbreyttari störf, nýsköpun, sterkari innviði og samgöngur. Auk þess vilja íbúar sjá öflugt menningarstarf, sterkan landbúnað, matvælaframleiðslu og farsæla ferðaþjónustu.

Við gerð stefnunnar var leitast við að mæta þörfum sveitarfélaganna með markmiðasetningu og aðgerðaráætlun á sameiginlegum grunni, en hvert sveitarfélag mun jafnframt vinna að sértækum verkefnum út frá stöðu hverju sinni og þeirri þörf sem skapast í ferlinu.



HEIMILIDIR OG ÍTAREFNI

Verkefnastjóri

Ingunn Jónsdóttir, byggðapróunarfulltrúi og framkvæmdastjóri [HfSu](#)

Vinnuhópur með tveimur fulltrúum frá hverju sveitarfélagi

Árborg: Bragi Bjarnason og Margrét Blöndal

Flóahreppur: Hulda Kristjánsdóttir og Guðmundur Bjarnason

Hveragerði: Sigríður Hjálmarsdóttir og Marta Rut Ólafsdóttir

Umsjón með úrvinnslu gagna

Hafdís Huld Björnsdóttir [RATA](#)

Uppsetning, útlit og yfirferð stefnu

Helga Kristín Sæbjörnsdóttir, verkefnastjóri HfSu

Heimildir og ítarefni

Vefur Byggðastofnunar: www.byggdastofnun.is

Vefur Hagstofu Íslands: www.hagstofa.is

Sóknaráætlun Suðurlands: www.sass.is/soknaraaetlun-sudurlands

Handbók SASS um gerð atvinnustefnu fyrir sveitarfélög og svæðihandbók gerð atvinnustefnu

Pátttökuforritið [Slido](#) / notað á íbúafundum



SASS
SAMTÖK
SUNNLENSKRA
SVEITARFÉLAGA



SÓKNARÁÆTLUN
SUÐURLANDS



Sveitarfélagið
ÁRBORG



FLÓAHREPPUR



HVERAGERÐISBÆR

NEÐRI HLUTI ÁRNESSÝSLU

